

Umfang og starfsemi

Umbótastarf stofnunarinnar og nýsköpun byggir helst á aukinni starfrænni þróun sem mun leiða af sér aukna skilvirkni og ákvarðanatöku byggða á upplýsingum. Stefnu þessari er ætlað að stuðla að því að upplýsingatækni sé nýtt á markvissan hátt á öllum sviðum stofnunarinnar ásamt því að styðja við aðrar stefnur stofnunarinnar.

Stöðumat og helstu áskoranir

Á undanförunum árum hefur verið ráðist í innviðauppbyggingu sem hefur gefið færi á að bregðast hratt við nýjum verkefnum bæði í hugbúnaðargerð og við gagnavinnsulur en áður hafði nýsmíði hugbúnaðar verið úthýst. Kerfisrekstri Matvælastofnunar er úthýst til þriðja aðila.

Helsta áskorun stofnunarinnar er tækniskuld á sviði upplýsingatæknimála og því brýnt að efla uppbyggingu stafrænna kerfa stofnunarinnar. Í því felst áskorun um forgangsröðun hugbúnaðarverkefna í samkeppni við fagleg verkefni stofnunarinnar.

Framtíðarsýn og meginmarkmið

Stefnan leggur grunn að því að Matvælastofnun geti staðið vörð um heilbrigði manna, dýra og plantna með gagnadrifnu eftirliti og skilvirkum stafrænum lausnum. Horft verði til umbóta á verklagi stofnunarinnar með það að leiðarljósi að fara vel með almannu fé.

Meginmarkmið stefnunnar miðar að því að beita stafrænum lausnum í auknum mæli til að auka gagnsæi, yfirsýn og skilvirkni innan stofnunarinnar ásamt því að bæta þjónustu við hagaðila.

Markmið

- Stafræn uppbygging

Lögð er áhersla á að byggja upp og styrkja stafræna innviði til að uppfylla þarfir notenda.

- Aukin skilvirkni

Lögð er áhersla á að bjóða upp á einfaldar samskiptaleiðir og skýra ferla.

Samþykkt af yfirstjórn 10. desember 2024.